

# MONITOR



FRITT  
EINTAK

# FERSKLEIKI FYRIR ÞÁ SEM ÞORA!




NÚNA Í  
ÞOKUM!

**STIMOROL**<sup>®</sup>

Það er okkur sönn ánægja að tilkynna þjóðinni að tiskudrottningin okkar, hún **Lisa Hafliðadóttir**, er árinu eldri í dag. Til hamingju!

## HAFÞÓR EIDE

**Fyrstu sex:** 240989.  
**Staða:** Formaður SUF og nemi á 2. ári í viðskiptafræði í HR.  
**Uppáhaldskvikmynd:** Troy og Euro Trip.  
**Uppáhaldshljómsveit:** Owl City.  
**Lag á heilanum þessa stundina:** Diamonds með Rihanna. Ég er alltaf nokkrum mánuðum á eftir.



HAFÞÓR EIDE JR.

Mynd/Kristinn

# Haldinn félagsmálafíkn

**Hafþór Eide Hafþórsson** flutti á mölina fyrir rúmum tveimur árum og er í dag orðinn nýr formaður Sambands ungra framsóknarmanna.

„Það eru kosningar í apríl svo ég ímynda mér að þetta verði tímabært,“ segir Hafþór Eide Hafþórsson sem síðastliðinn sunnudag var kjörinn nýr formaður Sambands ungra framsóknarmanna. „Nú þarf ég að setja mig inn í hlutina og koma skipulagi á starf hreyfingarinnar,“ segir Hafþór þegar hann er spurður um næstu skref í starfi. Hann segir mikilvægt að styrkja ímynd fólks um unga framsóknarmenn. „Ef ímyndin af ungum framsóknarmanni er yfirhöfuð til þá held ég að hún sé af einhverjum fimmtugum bónda og því vil ég vekja hreyfinguna og láta á henni kræla,“ segir Hafþór og bætir við: „Við erum heldur betur til og lifum góðu lífi.“

## Ég er mikill Íslendingur og elska landið mitt

Hafþór ólst upp á Fáskrúðsfirði og nam síðar nám í Menntaskólanum á Egilsstöðum, þar sem hann bjó á heimavistinni. Hann fluttist svo til Reykjavíkur eftir árs dvöl á Spáni og hálfis árs dvöl í Frakklandi. „Ég ákvað að opna aðeins augun og prófa eitthvað annað og ég sé ekki eftir því. Þetta var algjör snilld. Það er fátt sem toppar 101-Barcelona,“ segir formaðurinn nýkjörni. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem Hafþór situr í formannsstölnum því það gerði hann einnig í nemendafélögunum í grunnskóla og í menntaskóla og mætti því halda að hann sé haldinn einhvers konar formennskufíkn. „Mér finnst gaman að hafa áhrif á hluti sem mér er kært um svo við getum sagt að ég sé félagsmálafíkn,“ segir Hafþór. Aðspurður um hvað það sé í stefnu Framsóknar sem honum sé

kært um svarar hann: „Ég er mikill Íslendingur og elska landið mitt á sama tíma og ég vil góð og sanngjörn samskipti við aðrar þjóðir. Svo er ég heillaður af jafnvæginu á milli athafnafrelsis einstaklingsins og jafns grundvallar fólks til að blómstra.“

## Samkynhneigðin ekkert tiltökumál

Hafþór er samkynhneigður og er nýlega byrjaður í sambandi. Hann segir það þó ekkert tiltökumál í stjórnmálunum eða félagsmálum almennt. „Það skiptir engu hvort þú sért hommi, lesa eða eitthvað annað,“ segir hann. „Það er mjög auðvelt að vera samkynhneigður einstaklingur innan Framsóknarflokksins og alls staðar annars staðar í þjóðfélaginu. Ég hef aldrei rekið mig á eitt né neitt,“ segir Hafþór sem stundum er uppnefndur Hafþi Haf jr. af félögum sínum. „Það gefur þessu bara fyndið „touch,“ segir Hafþór og hlær við.

Hafþór segir það mikilvægt að fólk taki vel ígrundaðar ákvarðanir í kosningunum. „Ég vil að fólk skoði þetta á sínum eigin forsendum. Ég ætla ekki að fara að predika fyrir fólk og segja fólk að kjósa Framsókn bara „af því bara“. Ég vil að fólk kjósi en umfram allt að það kynni sér málin,“ segir Hafþór sem byrjaði snemma að fylgjast með þjóðfélagsmálum og hefur lengi haft áhuga á stjórnmálum. Hann segist þó ekki stefna á þing. „Draumurinn er að vera í eigin atvinnurekstri, stofna eitthvert krúttlegt fyrirtæki og leyfa því að vaxa og dafna.“

# MMM

## MONITOR MÆLIR MEÐ...

### FYRIR HELGINA

Nú þarftu að undirbúa eitthvað geggjað **Evró-visjón-partí** því á morgun og hinn fara fram undanúr-slitakvöldin í forkeppninni okkar hér á Íslandinu þar sem tólf lög keppa og dómaravaldið er í höndum okkar sem eigum síma. Það er því upplagt að skipuleggja skemmtilegan hitting og velja jafnvel einn keppanda sem allir hvetja áfram til sigurs.



### Í BÍÓ

Nýjasta kvikmynd Quentins Tarantino, **Django Unchained**, fékk mikið lof í síðustu viku hjá Hjálmarí Karlssyni, kvikmyndagagnrýnanda Monitor. Nú hefur öll áhöfn Monitor-skútunnar séð myndina og eru allir sammála um að þar sé á ferðinni virkilega vel heppnuð mynd og það er einmitt þess vegna sem við mælum með að þú drífr þig að sjá.



### FYRIR LÍKAMANN

Nú þegar margir Íslendingar eru í árlega janúar-átakinu sínu á líkaminn það til að láta vita af sér og segja hingað og ekki lengra. Harðsperrur og stífleiki gerir vart við sig og þá er um að gera að drífa sig með góðu fólk í næstu sundlaug og láta fara vel um sig í **heitum potti**.



## Vikan á facebook



**Thorunn Antonia Magnúsdóttir** Pólska samfélagið að peppa! Too late lag ársins...takk fyrir mig :) Þórunn Antonia wins Icelandic Song of the Year Award for 'Too late! The winning song was chosen by readers of Polish sites Informacje.is and muzykaiolandzka.pl  
 ♥ Poland 22. janúar kl. 13:20



**Tobba Marinósóttir** skrifar bók. 20. janúar kl. 16:40



**Marta María Jónasdóttir** Er mjög hugsi yfir því hver kom fyrir hurðarsprengju á útihurðina hjá mér. Gruna sterklega nágranna mína ... Stóra spurning er: Voru þetta Linda og Bogi? Bolli Kristins og Inga María? eða Einar Laxnes og frú???

18. janúar kl. 13:17



**Margrét Erla Maack** á þessu ári ætla ég að æfa mig í að hulla, rulla mér á gamaldagshjólaskautum og í búktali. Í janúar 2014 ætla ég að vera orðin góð í einu af þessu.

17. janúar kl. 16:39

## FEITAST Í BLAÐINU

**4 Evró-visjón** hefst senn og Hraðfréttadringirnir vita allt um keppendurna.



**6 Stúdentakjallarinn** opnaður á ný og Þorbjörg Roach treður þar upp.



**8 Klara Ósk** hefur ekki sagt skilið við Charlies þó hún sé ein síns liðs í Evróvisjón.



**14 Hinn sænski Max** Martin hefur samið óþægilega mörg vinsæl lög í gegnum tíðina.



## Efst í huga Monitor

# Framtíðin er björt

Mikið hefur verið rætt og ritað um frammistöðu íslenska landsliðsins í handknattleik

í þessari viku en eins of flestum er kunnugt féllu strákarnir út úr keppni eftir naumt tap gegn Frökkum í 16-liða úrslitum.

Í framhaldi af leiknum var því svo gott sem slegið á fast að tapið gegn Rússum hafi orðið til þess að við náðum ekki alla leið í undanúrslit. Sjálfsagt hefðum við unnið Rússana á góðum degi en þetta var fyrsti leikur mótsins og strengirnir höfðu ekki verið alveg stilltir saman í herbúðum okkar manna.

Vissulega eru það vonbrigði að horfa upp á piltana heltast úr lestinni eftir vasklega framgöngu gegn Frökkum þar sem markamaskinu á borð við Nikola Karabatic tókst einvörðungu að koma boltanum þrisvar sinnum í netið í öllum leiknum (Fálkinn seigur). En ef

við berum saman töpin gegn Frökkum og Rússum þá er það deginum ljósara að lið okkar Íslendinga var búið að taka töluverðum framförum í þeim sex leikjum sem það lék á þessu móti.



Nýliðar liðsins öðluðust gríðarlega dýrmæta reynslu og eins gat Aron Kristjánsson leyft sér að prófa ýmsa hluti og þannig fengið betri tilfinningu fyrir því hvað hentar og hvað ekki. Því ættum við að vera bjartsýn fyrir komandi stórmót því þetta lið verður bara betra og á eftir að ná lengra. Ekki skemmir heldur fyrir að luma á leikmönnum á borð við Alexander Petersson og Arnór Atlason sem koma inn í dæmið þegar þeir eru orðnir heilir.

Ég er í það minnsta farinn að telja niður dagana í næsta stórmót. Er ekki til eitthvert app sem getur séð um það fyrir mig?

Áfram Ísland - alla daga, Jónsson

FÖSTUDAGUR



ALLIR ERU VELKOMNIR  
Í HRAÐFRÉTTARÚTUNA



Á föstudaginn fer Eyróvisjón á flug þetta árið þegar fyrra undanúrslitakvöldið í Söngvakeppni Sjónvarpsins fer fram. Skyldi reynsla keppenda skipta sköpum?

Hraðfréttadregingirnir **Benedikt Valsson** og **Fannar Sveinsson** sjá um að koma Eyróvisjón-áhorfendum í rétta gírinn áður keppnin hefst en þeir verða með upphitunarþætti fyrir beinu útsendingarnar 25. og 26. janúar. Þættirnir heita **Hraðfréttarútan** og verða 15 mínútur hvor. Þar bjóða þeir þekktu Eurovision-fólki uppí rútu Hraðfréttu og rifja upp bæði gömul og ung atvik úr Söngvakeppni sjónvarpsins. Einnig verða þeir með innslög í beinu útsendingunni báða dagana. Þeir voru svo elskulegir að hjálpa Monitor að greina hvert atriði fyrir sig.

## Reynslan gegn nýgræðingunum

### Þú

**Flytjandi:** Jóhanna Guðrún.  
**Lag og texti:** Davíð Sigurgeirsson.  
**Kosningasími:** 900-9901.

**Viðlag:**

Þú  
lyftir mér á hærra plan  
Ó þú  
veitir mér allt sem ég þarf  
Já þú  
í huga mínum sérhver dag  
Ó þú  
og ég svíf í draumaheim

**Benni og Fannar segja:** „Kærastinn hennar Jóhönnu semur lagið og það er mikil ást í þessu. Þau virðast yfir sig ástfangin í Noregi.“



900-9901

### Ekki líta undan

**Flytjandi:** Magni Ásgeirsson.  
**Lag:** Sveinn Rúnar Sigurðsson.  
**Texti:** Ingibjörg Gunnarsdóttir.  
**Kosningasími:** 900-9902

**Viðlag:**

Ekki líta undan  
það dagar alltaf – á ný.  
En aldrei þér ég gleymi  
einn í mínum heimi – er hjá þér  
sama hvernig fer

**Benni og Fannar segja:** „Alls ekki líta undan þegar Magni stígur á svið. Marínó má vera stoltur af reynsluboltanum þabba sínum.“



900-9902

### Lífið snýst

**Flytjendur:** Svavar Knútur og Hreindís Ylva.  
**Lag:** Hallgrímur Óskarsson.  
**Texti:** Hallgrímur Óskarsson og Svavar Knútur Kristinsson.  
**Kosningasími:** 900-9903.

**Viðlag:**

Við fögnum litunum og lífsins  
tilbrigðum  
heimurinn má njóta okkar ljósa.  
Við sleppum beislunum  
og gleðigeislunum  
heimurinn má njóta okkar ljósa.

**Benni og Fannar segja:** „Þetta lag er eins og skemmtilegt ferðalag. Svavar gæti verið að segja við Hreindísi: „komdu með mér í ferðalag.“ Svo leggja þau saman af stað.“



900-9903

### Sá sem lætur hjartað ráða för

**Flytjandi:** Edda Viðarsdóttir.  
**Lag:** Þórir Úlfarsson.  
**Texti:** Kristján Hreinsson.  
**Kosningasími:** 900-9904.

**Viðlag:**

Sá sem lætur hjartað ráða för  
veit ekki neitt hvert hann ratar,  
því hann lætur hugann far' á sveim.  
Sá sem lætur hjartað ráða för  
veit ekki neitt hvert hann ætlar  
og hann getur aldrei ratað heim.

**Benni og Fannar segja:** „Edda flytur hér lag eftir manninn sinn. Hann treystir sinni konu sem er fallett. Atriðið á eftir að koma á óvart, lofum því.“



900-9904

### Ég á líf

**Flytjandi:** Eyþór Ingi.  
**Lag og texti:** Örlygur Smári og Pétur Örn Guðmundsson.  
**Kosningasími:** 900-9905.

**Viðlag:**

Ég á líf, ég á líf  
yfir erfðleika svíf  
Ég á líf, ég á líf vegna þín  
Þegar móti mér blæs  
yfir fjöllin há ég klíf  
Ég á líf, ég á líf, ég á líf

**Benni og Fannar segja:** „Þetta er ekki endurflutningur á lagi úr Hárinu. Eyþór er samt með mikið hár og góða rödd.“



900-9905

### Meðal andanna

**Flytjandi:** Birgitta Haukdal.  
**Lag:** Birgitta Haukdal, Sýlvía Haukdal Brynjarsdóttir og Jonas Gladnikoff.  
**Texti:** Birgitta Haukdal, Sýlvía Haukdal Brynjarsdóttir, Michael James Down og Primoz Poglajen.  
**Kosningasími:** 900-9906.


**Viðlag:**

Meðal andanna.  
Sál á röngum stað.  
Myrkríð hefur tekið öll mín völd.  
Meðal andanna.  
Fangi hugsana.  
Eigin vanmáttur stendur vörð.

**Benni og Fannar segja:** „Barcelona-borg hefur farið vel með Birgittu sem opnar hjartað sitt upp á gátt. Gitta is back!“



900-9906



30.000 HAFNA NÚ NÁÐ SÉR Í DOMINO'S APPIÐ



# APPDRÆTTI DOMINO'S!



Við fögnum þessum frábæra áfanga og bjóðum þér að taka þátt í **Appdrætti Domino's** út vikuna. Það eina sem þú þarft að gera er að panta með appinu eða á dominos.is, þú gætir unnið glæsilegan vinning. **Pantaðu núna!**

## VINNINGAR

- 1 Samsung Galaxy SIII
- 15 pizzuveislur
- 25 Domino's körfuboltar

Dregið verður mánudaginn 28. janúar og haft samband við vinningshafa

**VERTU  
MEÐ!**

22.-27. janúar

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ  
**DOMINO'S**  
**1.000 KR.**

ÞEGAR ÞÚ SÆKIR MIÐSTÆRÐ AF PIZZU  
MEÐ ÞREMUR ÁLEGGSTEGUNDUM



Available on the  
App Store

Google play

LAUGARDAGUR



ÞAÐ AÐ KOMAST ÁFRAM VEKUR  
UPP ÝMSAR TILFINNINGAR



Evróvisjón-gleðin heldur áfram á laugardaginn þegar seinni at-riðin keppast um að heilla áhorfendur. Þegar öllu er á botninn hvolft eru það jú áhorfendur sem hafa valdið.

## Halli, Jógvan og skvísurnar

### Skuggamynd

**Flytjandi:** Klara Ósk Elíasdóttir.  
**Lag:** Hallgrímur Óskarsson og Ashley Hicklin.  
**Texti:** Bragi Valdimar Skúlason.  
**Kosningasími:** 900-9907.

**Viðlag:**

En það var þá  
þá var ástin blind.  
Nú er veröldin sem var  
ekkert nema skuggamynd.

**Benni og Fannar segja:**

„Klara stígur út úr hringum án bakraddana sinna. Kynþokkafull rödd sem hún hefur.“



900-9907

### Til þín

**Flytjendur:** Jógvan og Stefanía Svavars.  
**Lag:** Sveinn Rúnar Sigurðsson.  
**Texti:** Sveinn Rúnar Sigurðsson og Ágúst Ibsen.  
**Kosningasími:** 900-9908.

**Viðlag:**

Kvaddir svo fljótt  
Ég vild' þú værir hjá mér í nótt  
Ég hélt ég myndi aldrei sjá þig í annað sinn  
Vertu mér hjá  
Því er við verðum eitt muntu sjá  
Hvert andartak er eilífð í faðmi þínum

**Benni og Fannar segja:** „Jógvan Hansen hefur ekki misst X factorinn síðan 2006. Hann hefur augljóslega smitað Steffi af þessum factor.“



900-9908

### Stund með þér

**Flytjandi:** Sýlvía Erla Scheving  
**Lag og texti:** María Björk Sværisdóttir  
**Kosningasími:** 900-9909.

**Viðlag:**

Þú ert ljósið sem lýsir hér  
alla birtu ég fæ frá þér  
Ég óska þess, að eiga stund með þér

**Benni og Fannar segja:**

„Sýlvía er Scheving og það er ættarnafnið sem mun veita henni kjark, gæfu og áræðni.“



900-9909

### Vinátta

**Lag, texti, flutningur:** Halli Reynis.  
**Kosningasími:** 900-9910.

**Viðlag:**

Á meðan eldurinn logar  
á okkar slóð.  
Þá skulum við syngja  
fyrir lífi í þeirri glóð.

**Benni og Fannar segja:** „Halli er eldri en tvær vetur í þessari keppni. Semur og syngur sjálfur sem er nokkuð djarft.“



900-9910

### Ég syng!

**Flytjandi:** Unnur Eggertsdóttir.  
**Lag:** Elíza Newman, Gísli Kristjánsson og Ken Rose.  
**Texti:** Elíza, Gísli og Hulda G. Geirsdóttir.  
**Kosningasími:** 900-9911.

**Viðlag:**

Þú tryllist á takkaborðinu  
og tjúnar mig í botn með kossaflóðinu.  
Ég næ ekki að skrúfa fyrir það  
því þú gerir mig alveg snargeggjaða!  
Ég syng fyrir þig!  
Dúrúrúrúú dúrú

**Benni og Fannar segja:** „Titill lagsins lýgur ekkert. Unnur bregður sér um leið úr Latabæ í Júrógardinn, syngjandi að sjálfsögðu.“



900-9911

### Augnablik

**Flytjandi:** Erna Hrönn.  
**Lag:** Sveinn Rúnar Sigurðsson.  
**Texti:** Ingibjörg Gunnarsdóttir.  
**Kosningasími:** 900-9912.

**Viðlag:**

Komdu – finndu hvað sál mín  
hún saknar þín  
þú - ástin byggir mér brú  
- heim til þín  
ást og trú - bara ég og þú

**Benni og Fannar segja:** „Erna Hrönn er Frostrós, díva og glæsikvendi. Getur það klikkað? Nei.“



900-9912



🔥🔥🔥 ORIGINAL



**TOO HOT TO HANDLE?**

THE ORIGINAL  
**TURKISK  
PEBER**

# Líkurnar á að það verði geðveikt eru miklar

**Retro Stefson** ber ábyrgð á fyrsta ballinu sem haldið verður í Stúdentakjallaranum. Af því tilefni leit **Borbjörg Roach Gunnarsdóttir** við í Kjallaranum með **Monitor**.

Nýjasta plata hljómsveitarinnar náði gullplötusölu um jólin og óskum við hjá **Monitor** ykkur til hamingju með það. Ert þú búin að koma henni vel fyrir í herberginu þínu?

Það er alltaf svo mikið drasl inni í herberginu mínu þannig að ég lagði ekki einu sinni í að reyna að koma henni fyrir á veggnum þar. Hingað til hefur gullplatan bara verið á skenknum inni í stofu. Mamma og pabbi nýta alltaf hvert tækifæri þegar einhver kikir í heimsókn til að sýna gripinn.

**Nýlega gekk Hermigervill formlega til liðs við hljómsveitina. Fékk hann bara að vera með af því að salan á plötunni gekk svo vel?**

Hann vann náttúrliga að plötunni með okkur sem pródúsent og síðan ákváðum við að fá hann með okkur fyrir útgáfutónleikana af því að það er svo mikið af hljómborðslinum og „sömplum“ í lögnum, miklu meira en við Ingvi myndum ráða við að spila bara tvö. Síðan kom það á daginn að það hljómar líka bara allt miklu betur þegar hann spilar með, núna væri bara eins og það vantaði eitthvað ef hann væri ekki með. Svo er hann líka bara svo skemmtilegur, hann gerir mikið fyrir „læv settið“.

**Á dögnum skelli hljómsveitin nýrri mynd inn á Facebook þar sem allir meðlimir skarta fögnum NBA-körfuboltatrejum. Þar klæðist þú treyju Orlando Magic, ert þú harður stuðningsmaður þeirra?**

Ég veit ekki neitt um körfubolta, ég kann ekki reglurnar og veit ekki einu sinni hvað maður fær mörg stig fyrir körfu. Ég get hins vegar sagt þér að við í hljómsveitinni erum að fara á NBA-leik í Washington á næstunni. Áður en við kíkjum á leikinn ætlar Sigga Ólafs, vinkona mín og hægri hönd hljómsveitarinnar, að kenna mér reglurnar þannig að ég geti fylgst almennilega með.

**Retro Stefson verður þess heiðurs aðnjótandi annað kvöld að fá að leika á fyrsta ballinu á staðnum. Hvernig líst þér á þennan splunkunýja Stúdentakjallara?**

Hann lítur mjög vel út, mjög kósi og stærðin er fin. Mér fannst til dæmis skemmtilegt hvernig sviðið er eiginlega við hálfgerða gryfju. Það var reyndar pakkað þegar ég kom þannig að ég gat svo sem ekki skoðað allt. Ég hef líka bara heyrt góða hluti um staðinn. Mér er er sagt að þarna sé góður og ódýr matur og svo er örugglega líka bara geggjað fyrir háskólann að fá svona aðstöðu.

**Fylgir því pressa að bera ábyrgð á fyrsta ballinu? Sérð þú fyrir þér að allar stemningskúnstir ykkar, eins og öll danssporin og halarófnar, eigi eftir að passa þangað inn?**

Nei nei, ég býst ekki við öðru en að það verði góð stemning. Það kostar ekkert inn og líkurnar á að það verði geðveikt skemmtilegt eru mjög miklar.

**Gerir þú ráð fyrir að verða tíður gestur þar á komandi árum?**

Já, alveg klárlega, ekki síst ef ég fer einhvern tímann í háskólann. Ég á náttúrliga eftir að prófa að fá mér að borða þarna svo ég er spennt fyrir því. Almennt lítur þetta bara vel út, það er stutt að fara þangað úr bænum og svo er þetta líka frábær viðbót við tónleikastaðaflóru borgarinnar.



## 5 STAÐREYNDIR UM STÚDENTAKJALLARANN

Stúdentakjallarinn „gamli“ var starfræktur frá árinu 1975 í húsnæði við Hringbraut en honum var lokað árið 2007. Nú hefur hann risið upp frá dauðum í ríflega 400 fermetra húsnæði sem stendur við Háskólatorg.

Staðurinn er einkar skemmtilega sinnréttur en þar er meðal annars að finna grasvegg (sem Borbjörg stillti sér upp við á aðalmyndinni) sem og borð sem leyfilegt er að dansa uppi á. (Það eru meira að segja tröppur upp á borðið til að einfalda áhugasömum slíkt uppátæki!)

Á matseðli staðarins má finna hina ýmsu rétti á virkilega hagstæðum kjörum enda staðurinn ekki rekinn með hagnaði. Má sem dæmi nefna „brunch fátæka námsmannsins“ sem kostar aðeins 890 kr.

21. janúar hófst Innflutningshátíð Stúdentakjallarans sem stendur yfir til 31. janúar. Nákvæma dagskrá hátíðarinnar má finna á Facebook-síðu Stúdentakjallarans.



## INNFLUTNINGSHÁTÍÐ UM HELGINA

### FÖSTUDAGUR

kl. 21-01 Daníel Örn töframaður, húsband Kjallarans og alvöru ball með Retro Stefson

### LAUGARDAGUR

kl. 14-17 Fjölskylduvæn skemmtidagskrá, Sproti, Háskóladansinn og tónlistaratriði  
kl. 20-23 DJ Plan B, Einar Lövdahl og Hjörðin og Friðrik Dór

### SUNNUDAGUR

kl. 14 bynnkubíó  
kl. 16 Úrslit HM í handbolta  
kl. 20-22 Murrk og Sindri Eldon





Glæný uppistandssýning í Þjóðleikhúskjallaranum  
Ari Eldjárn, Bergur Ebbi, Björn Bragi, Dóri DNA og Jóhann Alfreð

# MÍÐ-ÍSLAND

## i Kjallaranum

„Ekki veit ég hvernig samningurinn sem Mið-Íslandshópurinn hefur gert við grínguðina hljóðar í smáatriðum en hann hlýtur að vera besti díll Íslandssögunnar því á sviði finnst ekki fyndnara lið.“

-Kjartan Guðmundsson,  
blaðamaður á Fréttablaðinu

„Fór með stórum vinkonuhópi og við náðum varla andanum af hlátri. Mæli með Mið-Íslandi - hiklaust!“

-Hildur Sigurðardóttir, eigandi Reykjavík Letterpress

„Dásamlega skemmtilegt. Píssaði næstum í mig af hlátri.“

-Helga Braga  
Jónsdóttir, leikkona

### NÆSTU SÝNINGAR

Lau. 26. janúar kl. 20  
Lau. 26. janúar kl. 23  
Fim. 31. janúar kl. 20  
Fös. 1. febrúar kl. 20  
Fös. 1. febrúar kl. 23  
Lau. 2. febrúar kl. 20  
Lau. 2. febrúar kl. 23  
Fim. 7. febrúar kl. 20  
Fös. 8. febrúar kl. 20  
Fös. 8. febrúar kl. 23  
Lau. 9. febrúar kl. 20  
Lau. 9. febrúar kl. 23



Míðasala á [midi.is](http://midi.is) og míðasölu Þjóðleikhússins í síma 551-1200

Info T. 354 911 5500



**DIESEL**<sup>®</sup>  
FOR SUCCESSFUL LIVING



diesel.com

# *Neikvæð gagnrýni* **hluti af** **harkinu**

**Klara Ósk Elíasdóttir** tekur þátt í Söngvakeppni Sjónvarpsins á laugardaginn. Söngkonan ræddi við **Monitor** um muninn á íslenskum og amerískum strákum, mögulegan raunveruleikaþátt og áhuga Joe Jonas á Íslandi.



**D**að var mjög erfið ákvörðun fyrir okkur þegar við vorum farnar frá plötufyrirtækinu, að ákveða að halda áfram einar og án samnings. En við töldum okkur á endanum betur staddar án hans. Við vissum þá að við ættum hrikalega strembið verkefni fyrir höndum, tilboð frá stórum plötufyrirtækjum leynast ekki á hverju strái og við höfum unnið hörðum höndum síðan í að móta okkar stefnu, koma fram og vinna að nýju efni. Fólk heldur kannski að það sé allt búið ef maður er ekki á samning en það er bara ekki þannig,“ segir Klara Ósk Elíasdóttir, söngkona úr stúlknasveitinni Charlies. Líkt og kunnugt er héldu stelpurnar út til L.A. fyrir um þremur árum þegar þær lönduðu samningi við Hollywood Records. Í viðtali við Monitor í lok árs 2011 lýstu stelpurnar því síðan hvernig samningurinn þróaðist í átt sem þær vildu ekki taka þátt í og fór svo að samningnum var rift. Klara leggur áherslu á að bandið sé hvergi af baki dottið, framundan sé meðal annars nýtt efni sem og möguleg þátttaka í raunveruleikapætti. Í millitíðinni stígur hún hins vegar á stókk sem sólsöngkona í Söngvakeppni Sjónvarpsins nú um helgina. Blaðmaður Monitor settist niður með Klöru og ræddi við hana um Eurovision-drauminn og allt sem viðkemur Charlies.

**Texti:** Einar Lövdahl  
**Myndir:** Styrmir Kári

einar@monitor.is  
styrmirkari@mbl.is

**Eins og kunnugt er ert þú búsett í L.A. en ert nú hérlendis til að taka þátt í Söngvakeppni Sjónvarpsins þar sem þú syngur lagið Skuggamynd. Þetta er í fyrsta sinn sem þú tekur þátt í þessari keppni. Hvers vegna núna?**

Ég hef verið beðin um að taka þátt áður en það hefur einhvern veginn aldrei gengið upp, ýmist vegna þess að lögin hafa ekki höfðað til mín eða ég verið upptekin í öðru. Höfundur þessa lags, Hallgrímur Óskarsson, hafði samband við mig fyrir jól og bar þetta verkefni undir mig og ég varð einhverra hluta vegna strax dálítið áhugasöm um að skoða þetta. Þegar Hallgrímur sendi mér síðan lagið, þá tók ég auðvelda ákvörðun út frá því. Mér fannst lagið einfaldlega svo flott og bjóða upp á gott atriði, þannig að ég ákvað að kýla á þetta.

**Kom aldrei til greina að Alma og Steinunn yrðu með þér í atriðinu og þetta væri einfaldlega The Charlies að taka þátt í Söngvakeppni Sjónvarpsins?**

Nei, Hallgrímur var ekki að leita eftir því, þar sem lagið býður ekki upp á slíkan flutning.

**Er það gamall draumur hjá þér að komast út í Eurovision?**

Auðvitað. Ég hef horft á þessa keppni, örugglega rétt eins og allir aðrir, síðan ég var lítil stelpa. Ég fylgist líka alltaf með Melodifestivalen, sem er undankeppnin í Svíþjóð, af því að ég er fædd þar. Ég er því mjög spennt fyrir þátttöku minni í keppninni í ár.

**Svíþjóð er einmitt ríkjandi „Eurovision-meistari“, ef svo skyldi kalla, þannig að keppnin í ár fer fram þar í landi. Er það skrifad í skýin að þú farir út fyrir hönd íslensku þjóðarinnar að keppa í fæðingarlandinu þínu?**

Ég get ekki sagt það, þar sem ég held að það sé nú ekkert skrifad í skýin. En það væri sannur heiður að fá að fara út fyrir Íslands hönd. Þetta verður bara allt að koma í ljós. Ég er rosalega spennt fyrir því að taka þátt og ég vona svo innilega að fólk verði ánæggt með atriðið.

**Hvenær byrjaðir þú að syngja?**

Ég held að ég hafi ákveðið að ég ætlaði að verða söngkona þegar ég var svona átta ára og svo um tólf ára aldurinn var það alveg öruggt í mínum huga, það kom ekkert annað til greina. Ég kom fyrst fram sem söngkona þegar ég tók þátt í Bugsy Malone í Loftkastalanum þegar ég var tólf ára og svo söng ég lagið Álfakóngurinn inn á plötu með Guðrúnu Gunnars skómmu seinna. Upp frá því reyndi ég að koma mér að alls staðar þar sem ég gat komið fram, til dæmis í grunnskóla og framhaldsskóla. Svo hefst þetta allt saman fyrir alvöru þegar Nylon er sett saman, þá var ég bara á þriðja ári í menntaskóla.

**Þú fórst í Verzló. Hvernig týpa varst þú þar?**

Það fyrsta sem mér dettur í hug að nefna er að ég var svolítið lengi á gelgjunni, held ég. Ég var líka athyglissjúk og reyndi að troða mér inn í allt sem ég gat komið mér í. Ég tók þátt í söngkeppnum og var með í nemendasöngleik á þriðja ári. Eins og ég segi, þá var það síðan á þriðja ári í Verzló sem Nylon fór af stað. Ég var bara í Verzló til þess að syngja og reyna að fá eitthvað út úr þeim árum í þeim efnum. Ég var aldrei neitt voðalega einbeitt að náminu, ég ætlaði mér bara að verða

söngkona hvernig sem ég færi að því. Ein minning sem ég á er kannski lýsandi dæmi um hvernig Verzlóárin mín voru en það var þegar við stelpurnar vorum að taka á móti gullplötu í miðjum jólaprófum og ég fór beint þaðan með gullplötuna hálfu upp úr skólatöskunni í stærðfræðipróf. Hvernig ég náði öllum prófunum er enn ráðgáta (hlær).

**Þið í Charlies prýdduð forsíðu Monitor í lok árs 2011. Í viðtalinu töluðuð þið um að oft og tíðum einkenndist starf ykkar úti af miklu harki og að þið sofið allar í sama rúminu af sparnaðarastæðum. Hefur það eitthvað breyst?**

Það hefur ekki mikið breyst, nei. Harkið er alltaf sama harkið en það sem hefur kannski breyst er að það hefur verið meira að gera hjá okkur hvað varðar framkomur. Við erum bókaðar á fleiri stöðum og komumst því ágætlega af núna þó svo að það komi alveg mánaðamót þar sem maður er alveg: „Guð minn góður, hvernig ætlum við að fara að því að borga þetta?“.

**Og þá er spurt, eruð þið búnar að „meika það“?**

Maður hefur fundið fyrir því að herna heima er alltaf talað um okkur á þeim nóttum að við séum ekki enn orðnar heimsfrægar og þess vegna sé okkur að mistakast, eins og það sé samasemmerki þar á milli. Ég held að aðalmálið hjá öllum sem fara út og reyna fyrir sér sé einfaldlega það að fá tækifæri til að vinna við það sem þeir hafa gaman af. Auðvitað er draumurinn að slá í gegn en það er ekki eina markmiðið. Við erum búnar að njóta þessara forréttinda, að geta unnið við þetta, í níu ár og það finnst mér eitt og sér bara frábært.

**Pællir þú eitthvað í því hversu lengi þú ætlar að fást við þetta í Los Angeles?**

Fólk spyr einmitt mikið um þetta. Við erum einfaldlega að fylgja hjarta okkar eftir bestu getu og svo kemur bara það sem kemur. Við erum allar sammála um að þegar sá tímunktur kemur að við viljum ekki halda áfram, þá hættum við. Ef við ákveðum allt í einu á morgun að hætta þessu, þá myndum við alltaf ganga sáttar frá borði vitandi að við erum búnar að fá að upplifa þessi forréttindi að vinna við það sem við elskum að gera í tæpan áratug.

**Lítur þú á þetta þannig að þið séuð undir tímapressu?**

Það eina sem gæti stöðvað okkur í bráð er ef við fengjum skyndilega ekki áframhaldiandi atvinnuleyfi. Við þurfum alltaf að endurnýja það einu sinni á ári og þá kemur auðvitað alltaf upp svona stress: „Hvað gerum við ef við fáum ekki endurnýjun?“ Það er hrikalegt tímabil. Atvinnuleyfið okkar rennur næst út í júlí, við verðum allavega alveg á fullu þangað til.

**Gefst einhver tími fyrir tilhugalíf í Borg englanna?**

Ég er ekki í sambandi en ég hef fengið að kynna þá þetta gengur allt öðruvísi fyrir sig úti heldur en herna heima. Herna heima hittirðu einhvern, ferð í ísbiltúr í Álfheima og svo eruð þið bara byrjuð saman eftir viku. Úti er þetta þannig að manni er boðið á stefnumót og stefnumótið er þá kannski máltíð og ópera eða eitthvað í þeim dúr (hlær). Maður er ekkert vanur þessu, þetta er töluvert frábrugðið því sem er hér heima. Svo verður maður líka var við að strákar úti eru oft að „deita“ nokkrar í einu, það er eitthvað sem er samþykkt úti en ekki algengt hér á Íslandi.

**Og hvort ert þú hrifnari af ísbiltúr eða óperunni?**

Ég vil meina að íslenskir strákar séu meira spennandi. Ísbiltúrin er aðeins afslappaðri og maður nennir ekkert að fara á deit ef það hefur enga þýðingu, eins og þetta vörðist stundum vera úti.

**Það er fleira en bara stefnumótamenningin sem er ólík á Íslandi og í Hollywood. Það er mikið um að fólk ljúgi til um aldur, ekki satt?**

Ég skal alveg segja þér það að við erum sjálfar farnar að velja því fyrir okkur hvenær við lendum í þeirri aðstöðu. Við erum allavega ekki að yngjast, það er á hreinu. En það er rétt hjá þér, það er mikið logið til um aldur í þessum skemmtanabransa. Það er eiginlega ótrúlegt hversu mikið er logið til um aldur, svo mikið að við erum hægt og rólega að komast að réttum aldri þeirra sem eru í kringum okkur þarna úti. Við eigum í raun bara miklu eldri vini en við höldum (hlær).

**Í Monitor-viðtalinu í lok árs 2011 lýstuð þið því yfir að árið 2012 yrði ár The Charlies. Var það árið ykkar?**

Já og nei. Það var mikið að gera hjá okkur árið 2012 og við höfum fundið fyrir því að fólk verður sífellt meira og meira vart við okkur þarna úti. Stór hluti síðasta árs fór í miklar viðræður við plötufyrirtæki sem var að velja á milli tveggja stelpubanda. Það var langt og strangt ferli og bundum við miklar vonir við það tækifæri. Svo kom á daginn að lokum að hin hljómsveitin hafði orðið fyrir valinu en það er hljómsveitin The Saturdays, sem er eitt stærsta stelpubandið frá Bretlandi í dag. Það er ógeðslega svekkjandi að það hafi farið í vaskinn en á sama tíma er rosalega gaman að vita að þetta hafi verið erfið ákvörðunartaka hjá plötufyrirtækinu og að við höfum



veitt svo stórrí hljómsveit, í þessum flokki, hárða samkeppni.

**Ég geri ráð fyrir að þið deyið þó ekki ráðalausar. Hvað er á döfinni í tónlistinni?**

Við erum búnar að vera að vinna í nýju efni sem kemur út núna í febrúar, bæði nýtt lag og nýtt tónlistarmyndband, og svo gefum við út EP-plötu í mars. Lagið sem við gefum út er samið og pródúserað af StopWaitGo. Þeir eru eldklárir og ég held það sé bara tímaspursmál hvenær þeir verða farnir að semja fyrir stjórnur eins og Rihönnu, Katy Perry og Britney Spears.

**Britney hefur einmitt heyrt þig syngja, ekki satt?**

Jú, það er dálítið gaman að segja frá því að ég hef verið að „demóa fyrir“ Britney og Beyoncé. Það þarf alltaf að fá einhvern til að syngja inn á lögin svo að listamennirnir heyri nákvæmlega hvernig lögin eiga að hljóma í raun og veru. Ég hef þá verið fengin til að syngja inn fyrir þær nokkrum sinnum. Ég veit fyrir vísit að Britney er búin að syngja eitt lag sem ég „demóaði“. Það er auðvitað mjög myndið að vita af því að hún hafi hlustað á lag með mér, hverjum hefði dottið það í hug (hlær). En á sama tíma líka alveg ótrúlega gaman.

## KLARA Á 30 SEKÚNDUM

**Fyrstu sex:** 271185.

**Það sem fékk mig helst til að nenna fram úr í morgun:** Það var æfing fyrir söngvakeppnina þar sem ég mátaði og prófaði búninginn í fyrsta skipti.

**Það sem veldur mér helst hugarangri þessa stundina:** Hvort þið séuð mitt verði nógu flott á sviðinu.

**Besta Eurovision-lag allra tíma:** All Out of Luck.

**Æskuátrún-aðargöð:** Backstreet Boys, N'Sync, Sigga Beinteins og Celine Dion.





■ ■ Ég veit fyrir víst að Britney er búin að syngja eitt lag sem ég „demó-aði“. Það er auðvitað mjög fyndið að vita af því að hún hafi hlustað á lag með mér, hverjum hefði dottið það í hug (hlær).

### Síðasta sem ég...

**Síðasta borg** sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana: Ég bý í L.A. en við stelpurnar fórum um daginn til Portland, Oregon.

**Síðasti veitingastaður** sem ég borðaði á: Hamburgararabryggjan með fjölskyldunni

**Síðasti hlutur** sem ég keypti mér: Ég keypti 17 metra af efni fyrir búninginn minn sem Aðalheiður Sigfúsdóttir, sem er með Made by Ally, hannar.

**Síðasta bíómynd** sem ég horfði á: Ég sá The Impossible í annað skipti og grét alveg jafnmikið og í fyrsta sinn.

**Síðasta skipti** sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann: Ég sagði það við systur mína rétt áðan. Hún var búin að vera svo góð að stússast með mér í allan dag.



**Um leið og þú ferð aftur til L.A. tekur síðan mögulega við sjónvarpsverkefni hjá ykkur stelpunum, er það ekki?**  
Jú, við erum í viðræðum um að taka þátt í raunveruleikabætti sem á að byrja að taka upp núna í febrúar. Þátturinn fylgir eftir nokkrum hljómsveitum í L.A. sem hafa flust þangað frá öðrum löndum og eiga það allar sameiginlegt að hafa einnig starfað og náð einhverjum árangri í heimalöndum sínum.

**Þannig að það yrði tókumaður heima hjá ykkur öllum stundum?**

Þetta verður líklega ekki alveg þannig. Það tók okkur langan tíma að samþykkja að skoða þessa tillögu, sérstaklega af því að okkur þremur kemur svo ótrúlega vel saman og við höfum aldrei viljað setja það í hættu með því að tala ópinskált hver um aðra við einhverja sjónvarpsmenn og þess háttar. Okkur hefur alltaf þótt hugmyndin um að taka þátt í raunveruleika-sjónvarpi hallærisleg en formerkin á þessum bætti eru öðruvísi að okkar mati, þetta er flott fyrirtæki sem stendur að baki þessu og við treystum því. Þátturinn á að snúast um tónlistina og harkið innan bransans en ekki bara um einhver rífrildi milli hljómsveitarmeðlima. Þetta er eiginlega bara mjög spennandi.

**Ög enn af fræga fólkinu, mér skilst að þið hafið umgengist stór nöfn á borð við Bruno Mars og Joe Jonas úti.**

Bruno Mars samdi nokkur lög fyrir plötuna okkar hjá Hollywood Records, sem kom síðan aldrei út. Hann er svo sem ekkert besti vinur okkar, bara svona kunningi. Lögin voru mörg reyndar alveg hrikalega flott og leiðinlegt að svo fór sem fór. En Joe þekkjum við betur. Við kynntumst honum líka þegar við vorum enn í samstarfi við Hollywood Records. Það er gaman að segja frá því að ég hef aldrei hitt neinn sem er jafnmikill aðdáandi Sigur Rósar og hann, og bara aðdáandi lands og þjóðar.

**Í kjölfar myndanna sem fylgdu viðtalinu í Monitor í lok árs 2011 sem og nýjasta tónlistarmyndbands ykkar við lagið Hello Luv hafa ýmsir ritað og rætt um það hvernig ímynd ykkar sem hljómsveit hefur breyst í djarfari átt frá því að þið kölluðuð ykkur Nylon. Er það meðvit-uð ímyndarbreyting sem hefur átt sér stað eftir að þið fóruð að hasla ykkur völl í Bandaríkjunum?**

Ég get ekki sagt að hún hafi verið meðvit-uð. Þetta er bara þróun sem átti sér stað á mjög löngum tíma í samstarfi við það fagfólk sem við vorum að vinna með. Það er einmitt svo ótrúlegt að hugsa til þess að það liðu fjögur ár þar sem ekkert gerðist opinberlega hjá okkur, það er að segja við gáfum ekki út neitt lag heldur vorum bara að vinna að okkar málum. Á þessum tíma vorum við að breyta algjörlega til og breyttum hreinlega um tónlistarstefnu. Mergur málsins er kannski sá að hljómsveitin og stefna hennar var aldrei stíluð inn á íslenskan markað. Við erum mjög meðvitaðar um að þessi tónlist er ekki beint í takt við þá tónlist sem hefur verið vinsæl hér heima, þó hún sé kannski heldur ekki neitt svo frábrugðin sumu af því efni sem er hér í spilun. Það hefur þó verið magnað hvað viðbrögðin sem við fáum hérna heima eru á skjön við það sem við fáum úti og stundum getur það verið mjög ruglandi, að vera úti í umhverfi þar sem þessu er hampað og við fáum ekkert nema góð viðbrögð og koma síðan heim og heyra af töluvert neikvæðari viðbrögðum.

**Hvernig er að taka svona neikvæðum viðbrögðum?**

Það er auðvitað erfitt. Það er alltaf erfitt að heyra neikvæða gagnrýni en það er bara mjög stór partur af þessu harki okkar. Að sjálfsögðu þykir okkur leiðinlegt að heyra ef fólk þykir lítið til tónlistar okkar koma, en það er lítið við því að gera. Við erum að gera okkar besta til þess að koma okkur og okkar tónlist á framfæri. Það felur oft í sér erfiðar ákvarðantökur en við sjáum ekki eftir neinu.

**Hvort verður atriðið við lagið Skuggamynd í Söngvakeppni Sjónvarpsins á laugardaginn næstkomandi meira í anda myndbandsins við Hello Luv eða eitthvað með Nylon?**

Hönnun atriðisins vinn ég með Stellu Rósenkranz og planið er að það verði bara mjög víðeigandi við lagið. Þetta er fallett og elegant lag svo atriðið verður í þeim dúr.

**Hérna heima hittirðu einhvern, ferð í ísbíl-túr í Álfheima og svo eruð þið bara byrjuð saman eftir viku. Úti er þetta þannig að manni er boðið á stefnumót og stefnumótið er þá kannski máltíð og ópera eða eitthvað í þeim dúr (hlær).**



## SMÁA LETRIÐ

### KVIKMYNDIR

Myndin sem ég get horft á aftur og aftur: Sound of Music.

Myndin sem ég felli tár yfir: Impossible.

Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir: 21 Jump Street.

Uppáhaldsmyndin mín í æsku: Aladdin, Guffagrín og allar Astríð Lindgren-myndirnar

Versta mynd sem ég hef séð: Jack Reacher og Alex Cross.



### TÓNLIST

Lagið í uppáhaldi þessa stundina: Beneath You're Beautiful með Labrinth.

Lagið sem ég hlusta á til að gíra mig upp fyrir helgina: I Wanna Dance With Somebody með Whitney Houston.

Lagið sem ég fíla í laumi: Baby með Justin Bieber.

Nostalagíulagið: I Want It That Way með Backstreet Boys

Lagið sem ég syng í karóki: Your Song með Elton John



### FORM OG FÆÐI

Uppáhaldsmatur: Mömmu- og pabba-matur, bæði eldklár í eldhúsinu!

Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á: Grænmeti í öll mál.

Versti matur sem ég hef smakkað: Allt sem ég elda sjálf.

Líkamsræktin mín: Í L.A. fer ég daglega í „hike“ eða göngur. Elska að vera úti í frísku lofti.

Stoltasta augnablikið á íþróttuferlinum mínum: Þegar ég varð Íslandsmeistari í keilu.





Egils



NÝTT



Kristall  
**PIUS**  
LÉTTVOLSÝRÐUR DBYKKUR MEÐ  
10% KÓKOSHNETUVATNI OG APPELSINSISATA

Helmingi færri kaloríur  
en í sykrðum gosdrykk

Engin gervi-, litar- eða rotvarnarefni

Inniheldur ávaxtasykur  
sem hækkar ekki blóðsykurstuðul líkt og hvítur sykur

6 mikilvæg B-vítamín

10% hreint kókosvatn  
Inniheldur hreint kókosvatn pressað úr ungum,  
grænum kókosnetum

**SPARI**

JAKKI - SPÚÚTNIK  
PEYSA - HERRAFATABÚÐ  
KORMÁKS OG SKJALDAR  
SKYRТА - GK REYKJAVÍK  
BUXUR - MÝRIN  
SKÓR - SPÚÚTNIK

**HVERSDAGS**

FJALRAVEN ÚLPA - GK REYKJAVÍK  
NUDIE JENSEN PEYSA - KEYPT Í HOLLANDI  
CHEAP MONDAY BUXUR - KRON KRON  
VÍNRAUÐIR SKÓR - KRON KRON

**UPPÁHÁLDS**

PEYSA - MUNDI  
BOLUR - AFTUR  
BUXUR - KRON KRON  
SKÓR - EBAY

**ÚT Á LÍFIÐ**

JAKKI - DEAD BÚÐ  
PEYSA - AFTUR  
BUXUR - KRON KRON  
SKÓR - SPÚÚTNIK



Myndir/Stymir

# Blandar saman vintage- og hönnunarflíkum

**Grétar Þór Þórsson** er nítján ára nemi á listnámsbraut við Fjölbrautaskólann í Breiðholti en samhliða náminu starfar hann í Spúútnik á Laugaveginum. Grétar er með flottan fatastíl sem hann deilir hér með lesendum.

**Hver er Grétar Þór?** Ég er bara venjulegur strákur í blóma lífsins að njóta mín með vinum og öðru fólki. Ég hef alltaf verið mikið að spila tónlist og spila þá aðalega á gítar.

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?** Stíllinn minn er mjög blandaður, þá af vintage og flottum hönnunarflíkum. Ég fylgist mikið með tísku og fylgi henni að hluta til en annars klæði ég mig mest eftir eigin hugsun og blanda mörgum stílum saman í minn eigin.

**Hvar kaupir þú helst fötin þín?** Á Íslandi kaupi ég öll mín föt niðri bæ í búðum eins

og Spúútnik, ATMO, kron kron, GK Reykjavík, Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar og Aftur. Annars finnst mér skemmtilegast að versla úti á mörkuðum og einstökum búðum.

**Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku?**

Líklega haust og vor því þá er hvorki of kalt né of heitt og mikið af jarðlitum í gangi á þeim tíma.

**Hver er best klæddi karlmaður í heimi?** Keith Richards í gamla daga!

**Áttu þér uppáhalds hönnuð?** Henrik

Vibskov er í uppáhaldi því hann gerir mikið meira en bara að hanna föt. Allt í kringum sýningar og myndir er svo listrænt og flott.

**Hvað er ómissandi fyrir stráka að eiga í fataskápnum fyrir veturinn?** Það er möst að eiga náttamsfesting, föðurland, flotta leðurhanska og kul í tennurnar við að brosa framan í Kára.

**Hvað er á döfinni hjá þér í vetur?** Vinna og njóta lífsins með vinum og fjölskyldu.

**Ef þú ættir eina ósk, hvers myndir þú óska þér?** Að vettlingur yrði kallaður handklæði og handklæði yrði kallað vettlingur.



# Best klæddu stjörnu-pörin

Það eru mörg glæsileg pör í Hollywood sem bera af í fatavali og þykja einstaklega glæsileg. Þessi fjögur komust á blað hjá **Stílnum**



**Emma Watson og Andrew Garfield**  
Þetta dúllupar kemur alltaf vel fyrir og eru þau sérstaklega settleg og flott í klæðaburði, og augljóslega afar skotin.



**Diane Kruger and Joshua Jackson**  
Þetta myndarlega par ber af í klæðaburði og glæsileika. Þau klikka aldrei þegar kemur að fatavali og hefur hvort sinn einstaka og flotta fatastíl.



**Blake Lively og Ryan Reynolds**  
Þau Blake og Ryan komast auðveldlega á listann. Blake er sérstaklega glæsileg og ekki er Ryan verri. Án efa eitt myndarlegasta parið í bransanum.



**David Beckham og Victoria Beckham**  
Það er erfitt að sigra þetta par þegar kemur að fatastíl og flottheitum. Svalari karlmann er erfitt að finna og stendur Victoria alltaf fyrir sínu. Þau eru stórglæsileg.

## NÝ SENDING





**UPPÁHALDS**

**BOLUR - URBAN OUTFITTERS**  
**JAKKI - VINTAGE BÚÐ Í NEW YORK**  
**BUXUR - GINA TRICOT**  
**SKÓR - DR.MARTENS**



**SPARI**

**KÁPA - VINTAGE BÚÐ Í LA**  
**KJÓLL - AMERICAN APPAREL**  
**SOKKABUXUR - H&M**  
**SKÓR - WEEKDAY**



**HVERSDAGS**

**JAKKI - VINTAGE BÚÐ Í SANTA BARBARA**  
**BOLUR - SPÚÚTNIK**  
**BUXUR - LEVI'S**  
**SKÓR - JEFFREY CAMPPELL**

# Yfirhafnir veiki hlekkurinn

**Stíllinn** heimsótti förðunarfræðinginn og hönnunarnemann **Vigdísi Birnu Sæmundsdóttur**. Vigdís hefur alltaf haft mikinn áhuga á tísku og eru second-hand búðir í uppáhaldi hjá henni. Hér klæðir Vigdís sig upp fyrir fjögur mismunandi tilefni.

**Hver er Vigdís Birna?** 21 árs krulluhaus með endalusa ævintýraþrá og nýtt hvert tækifæri sem gefst til að bregða mér úr fyrir landsteinana. Dagurinn minn snýst um mat og hvað ég ætla að fá mér borða, en ég elska góðan mat. Ég vil helst alltaf vera að gera eitthvað eða hlakka til einhvers. Þess á milli sérhæfi ég mig í kúri.

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?** Fjölbreyttur eftir því hvernig mér líður að hverju sinni og hvernig viðrar úti. Mér finnst oft mjög gaman að blanda saman skráttum flíkum og yfirleitt ef það passar saman þá verður heildar lúkkið geggið. Einsog ég er í dag þá elska ég allt sem var að eiga sér stað í upphafi áttunda áratugarins og get skoðað myndir frá því tímabili allan liðlangan daginn.

**Hefur þú mikinn áhuga á tísku?** Já, það hef ég alltaf gert.

**Hvar verslar þú helst fötin þín?** Ég versla aðallega í second hand búðum og hér á landi eru Spúútnik, Nostalgía og 9líf í uppáhaldi. Erlendis er það þessar klassíska á borð við H&M, Urban & American Appaerl, en best er að komast í einhverjar geggiðar second hand búðir.

**Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku?** Mér finnst haustið mjög skemmtilegt enda eru yfirhafnir minn veiki hlekkur, en mér finnst líka gaman að klæða mig á sumrin, örugglega bara af því að sumrin eru dásamleg.

**Hvað er ómissandi að að eiga í fataskápnum í vetur?** Ég geng í föðurlandi allan ársins hring og er það algerlega ómissandi í vetur með góðum ullarsokkum.

**Hver hafa verið þín verstu tiskumistösk?** Fyrst ber að nefna skær græna fermingar tjull pilsíð mitt. En mér fannst ég vera mega öðruvísi og kúl í því á fermingardaginn. En ef við hugum að nýlegum tiskumistöskum hef ég fengið mig fullsadda af disco pants, en ég slysaði til að vinda mér í þær um daginn og tel ég það hafa verið afar vanhugsað af mér.

**Hver er best klædda kona í heimi?** Ég á þær nokkrar uppáhalds. Þar er Kate Moss mjög framarlega og einnig verð ég að nefna Jane Birkin hún er glæsikona sem veit svo sannarlega hvað hún syngur þegar kemur að tísku.

**Er eitthvað skemmtilegt á döfnni hjá þér?** Já hér sit ég á Heathrow og bíð eftir fluginu mínu til Geneve og þaðan mun ég keyra í dalina þrjá í Frakkalandi þar sem ég mun renna mér á bretti næstu tíu dagana og stútfylli mig af ostum í góðra vina hópi. En eftir það ætla ég að reyna að einbeita mér að skólanum í bili.

**Ef þú yrðir að fá þér húðflúr, hvernig húðflúr myndir þú fá þér og hvar?** Mig langar mjög mikið í akkeri á fram handlegginn (einsog Kate vinkona mín) en einsog er finn ég mig ekki knúna til þess að vera með mynd sem ég gæti ekki fjarlæggt af líkama mínum, því húðflúr tíska breytist eins og allt annað.



**SKÓLA DRESS**

**HÚFA - URBAN OUTFITTERS**  
**PEYSA - WEEKDAY**  
**BOLUR - AMERICAN APPAREL**  
**LEGGINGS - VINTAGE HARLEY DAVIDSON**

Jacob Palmer: „Hold on a second! Are you the billionaire owner of Apple computers?“ **Crazy, Stupid Love (2011).**

## TÖLVULEIKUR



### Call of Duty

**MMMM**

Tölva:  
Vita

PEGI merking: 18+

Útgefandi:  
Activision

Dómar:  
2,5 af 10 – Gamespot  
4 af 10 – IGN.com  
4 af 10 – Eurogamer.net

## Skyldan drullar...

Þegar ég frétti að Call of Duty-leikur yrði gefinn út fyrir PlayStation Vita-tölvuna ók ég rakleitt í Partibúðina, keypti mér hatta og knöll, skaut upp flugeldum og lét öllum illum látum. Þessi fölskvalausa gleði átti reyndar eftir að snúast uppi andhverfu sína stuttu síðar.



Ástæðan er Call of Duty Declassified, leikurinn sem átti að gera svo mikið fyrir Vita-tölvuna, en féll á öllum prófum með 4,9 og reyndar töluvert tæplega það.

Söguþráður leiksins er útum allt og hvergi og þarf maður að hafa athyglisgáfu og skilning nóbelskálds til að átta sig á hvað er að gerast. Í raun er bara slatta af herferðum hent saman í einn graut sem ómögulegt er að finna útúr.

Leikurinn spilar líkt og aðrir Call of Duty-leikir eða í fyrstu persónu og geta leikmenn notað báða analog-pinna tölvunnar til að stýra. Það virkar svosem ágætlega, en illa hönnuð borð leiksins og einhver heimskaasta gervigreind sem ég hef komist í tæri við eyðileggja þá gleði á sekúndubroti. Það er engu líkara en að allir óvinirnir í leiknum séu Þórhallur miðill, en þeir eru klárir í að salla þig niður áður en þú mætir á svæðið. Þannig að það er enginn að fara að koma einhverjum á óvart.

Fyrir utan söguþráðinn geta átta spilað hann saman í gegnum netið, en sá hluti leiksins er settur upp svipað og gert er í alvöru COD-leikjunum með killstreaks, uppfærslu á vopnum og græjum og svo framvegis. Þetta virkar svosem ágætlega, en því miður ekki nóg til að bjarga heildarpakkanum.

Grafík leiksins er alls ekki nógu góð og reynir í raun ekkert á hið mikla afl Vita-tölvunnar og er það algjör synd. Það er hreinlega eins og hópi metnaðarlausra manna hafi verið smalað saman við gerð þessa leiks, þeim skammtaður naumur tími og þeir hafi ákveðið að sofa megnið af honum.

Yfirleitt þegar kemur út nýr Call of Duty-leikur, þá setur maður sig í stellingar því skyldan kallar, en í þessu tilfalli er það: skyldan drullar...



ÓLAFUR ÞÓR  
JÓNLSSON



## FRUMSÝNING HELGARINNAR

## Gangster Squad

Myndin hefst árið 1949 í Los Angeles. Glæpamaðurinn Mickey Cohen hefur ásamt mönnum sínum komist til umfangsmikilla áhrifa í undirheimum borgarinnar og sölsað undir sig stóran hluta af ólöglegum viðskiptum tengdum eiturflyfum, vændi, vopnasölu og veðmálastarfsemi. Áhrifa þessa miskunnarlausu glæpaforingja gætir víða og teygja völd hans anga sína meðal annars inn í raðir lögreglu og embættismanna borgarinnar. Eftir að ljóst er orðið að lögin ein geta ekki stöðvað Mickey og sívaxandi umsvif hans ákveða yfirvöld að heimila með leynd stofnun lítillar sérsveitar sem er ætlað það hlutverk að berjast við Mickey og menn hans með þeirra eigin aðferð, ofbeldi. Í þeirri baráttu eru allar reglur og lagabókstafir látnir lönd og leið og um leið öll miskunn.

**Leikstjórn:** Ruben Fleischer.  
**Aðalhlutverk:** Sean Penn, Ryan Gosling, Emma Stone, Josh Brolin, Michael Peña, Giovanni Ribisi og Nick Nolte.  
**Lengd:** 113 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 16 ára.  
**Sýningarstaðir:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Krínglunni, Keflavík og Akureyri, Bíóhöllin Akranesi, Króksbíó Sauðárkróki og Ísafjarðarbíó.



## KVIKMYND

## Viva La Francé

Franska skáldsagan Vesalingarnir eftir Victor Hugo er talin vera ein af bestu skáldsögum 19. aldar og hefur hún verið sett upp ótal sinnum sem söngleikur um allan heim og verið kvikmynduð oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Að þessu sinni tekst Tom Hooper á við að setja þetta stórvirki fram í sinni túlkun, en hann er maðurinn sem hirti Óskarsverðlaun árið 2011 fyrir Kings Speech. Fyrir Vesalingana fékk hann til liðs við sig þaulreynda leikara á borð við Hugh Jackman, Russell Crowe, Anne Hathaway, Helena Bonham Carter og Sacha Baron Cohen, þvílíkt landslið!



Vesalingarnir er saga ógæfumannsins Jeans Valjean (Jackman) sem er hundeltur af lögreglumanninum Javert (Crowe) alla ævi. Hann lofar Fantine (Hathaway) á dánarbedinu að taka að sér dóttur hennar Cosette og sjá til þess að hana muni ekkert skorta. Jean Valjean berst við að vera góð föðurmynd fyrir Cosette á meðan hann forðast Javert, og það verður ekkert auðveldara þegar Cosett vex úr grasi og fer að upplifa ástina.



Leikararnir standa sig með þrýði og þá sérstaklega Hugh Jackman, sem hlaut tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir túlkun sína á Jean Valjean. Leikstjóranum og leikurum tekst afar vel upp að sýna fram á fátæktina og volæðið sem átti sér stað á þessum árum í Frakklandi. Umfang myndarinnar er gríðarlegt og öllu hefur verið til tjaldað þegar kemur að leikmynd, búningum og öllu tilheyrandi. Það var eitt atriði þegar byltingin var að hefjast þar sem allt þetta small heim og saman og ég fékk gæsaþúð af að fylgjast með. Myndin ber það með sér allan tímann að vera stórmynd og að mikið hafi verið lagt í hana.



Myndin fer hratt og vel af stað en þegar líður á hana verður hún ansi langdregin á köflum og maður er eiginlega bara farinn að bíða eftir endinum í lokin, og það er ekki gott.

Ég hafði gaman af Vesalingunum, enda er ég mikill sucker fyrir söngleikjum. En ef þú fllar ekki söngvamyndir skaltu spara þér þessa rúmlega tvo og hálfan klukkutíma.

### VESALINGARNIR

ÍVAR ORRI  
ARONSSON

MMMMMM

**ÚTSALA**  
ENN MEIRI VERÐLÆKKUN  
**50%**  
afsláttur  
af öllum útsöluskóm  
gs skór  
Krínglunni - Smáralind  
s. 512 1760 - s. 512 7700  
ntc.is - erum á facebook



# Galdra- maðurinn frá Svíþjóð

Það er aðeins ein ástæða fyrir því að allir vinsælustu tónlistarmenn heims nenna reglulega að gera sér ferð til Stokkhólms. Þar býr nefnilega og starfar lagasmiðurinn og upptökustjórinn **Max Martin** sem virðist á einhvern hátt hafa krakkað kóðann að vinsældarlistum heimsins fyrir tæpum 20 árum.

## MAX MARTIN

**Nafn:** Martin Karl Sandberg.  
**Fæddur:** 1971.  
**Land:** Svíþjóð.  
**Upphaflega þekktur sem:** Martin White.  
**Starf:** Lagasmiður og upptökustjóri.  
**Helstu samstarfsmenn:** Dr. Luke, Denniz Pop, Shellback, Alexandra o.fl.  
**Virði:** 250 milljónir dollara.

## MAX HEFUR UNNIÐ MEÐ

N\*SYNC  
Usher  
Pink  
T.I.  
Robyn  
Ke\$ha  
Maroon 5  
Avril Lavigne  
will.i.am  
Celine Dion  
James Blunt  
Jessie J  
Pitbull  
Nicki Minaj  
Adam Lambert  
Sugababes  
Enrique Iglesias  
A-ha  
Westlife  
Bryan Adams




UPPHAFIÐ AÐ SNILLDINNI:  
MAX OG BRITNEY FYRIR 20 ÁRUM

20 ÁRUM SEINNA: MAX AÐ SEMJA  
EITT STYKKI BIEBER-HITTARA



## VERÐLAUN

**1996:** Sænsku danstónlistarverðlaunin.  
**1997:** Sænsku Grammys, lagasmiður ársins.  
**1999:** Lagasmiður ársins, Samtök tónlistarmanna, rithöfunda og útgefenda í Ameríku.  
**2000:** Lagasmiður ársins, Samtök tónlistarmanna, rithöfunda og útgefenda í Ameríku.  
**2001:** Lagasmiður ársins, Samtök tónlistarmanna, rithöfunda og útgefenda í Ameríku.  
**2010:** STIM Platinum-verðlaunin.  
**2011:** Lagasmiður ársins, Samtök tónlistarmanna, rithöfunda og útgefenda í Ameríku.  
**2012:** Lagasmiður ársins, Samtök tónlistarmanna, rithöfunda og útgefenda í Ameríku.  
**2012:** Sænska konungsmedalían fyrir vinnu sína við tónlist.




Ef maður rennur yfir katalóg Max Martin er erfitt að trúa því að hann hafi byrjað ferilinn sem frontmaður í metal-bandinu It's Alive árið 1985. Eftir að hafa hætt í framhaldsskóla til að einbeita sér að tónlistinni bar erfðið loks árangur 1991 þegar Denniz Pop, eigandi Cheiron Records, gerði samning við sveitina. Þeir meikuðu það nú aldrei en gáfu út efni og ferðudust vítt og breitt um Evrópu.



**Max-ari í lagasöluþekkingarsúni**

Árið 1998 dró krabbamein Denniz Pop, eiganda Cheiron Studios, mentor og helsta samstarfsmann Martins, til dauða á skömmum tíma. Við andlát Denniz var Martin gerður að yfirmanni stúdíósins auk þess að vera aðal-lagasmíður og upptöku-stjóri fyrirtækisins. Fyrsta verkefni hans sem stjórnandi Cheiron var að taka að sér Britney Spears, barnastjörnu Disney sem nú var komin á unglingsaldurinn. Fyrsta lagið sem þau gerðu saman var lagið "...Baby One More Time". Það lag varð geipilega vinsælt en áður en Britney fékk það hafði Martin reynt að gefa það til Backstreet Boys sem neituðu því og TLC sem álitu lagið ekki líklegt til vinsælda. Raunin varð hinsvegar önnur, lagið fór beint í fyrsta sæti og seldist í 15 milljónum eintaka á Bandaríkjamarkaði einum saman. Ekkert lag í sögunni hefur selst jafn vel.



**Plötuflopp og Denniz Pop**

Það var árið 1993 þegar Max Martin kallaði sig Martin White og leit út eins diet-útgáfa af Kurt Cobain, með sítt ljóst hár, í rínum gallabuxum og söng kvalarfulla texta um erfiðleika lífsins að líf hans tók u-beygu. Seinni plata It's Alive floppaði illa og var hljómsveitin leyst undan samningi sínum við Cheiron. Denniz Pop,



útgefandi sveitarinnar, hafði það samt sem áður á tilfinningunni að Max Martin hefði eitthvað til brunns að bera þegar kæmi að lagasmíðum og bauð honum samning sem upptökustjóra og lagasmíð hjá útgáfunni. Denniz gaf honum nafnið Max Martin og varð að læriföður hans í hljóðverinu.



**Bankabókin stækkar og vinsældarpressan eykst**

Max Martin hélt áfram að vinna fyrir Backstreet Boys og samdi fyrir þá slagarann "I Want It That Way" á Millenium-plötunni. Það var ekki nóg heldur skellti hann í aðra Britney-plötu, Oops! I Did It Again, samdi alla hittarana og svona rétt í lok árs ákvað hann að semja It's My Life ásamt Bon Jovi og pródúsa það. Eitthvað segir mér að feit bankabók hans hafi endað í kransæðastíflu þetta árið.

**Velgengni Ase of Base kveikti í bandarískum risum**

Martin tók starfinu en viðurkenndi seinna að hann vissi ekki einu sinni hvað upptökustjórar gerðu þegar hann tók að sér starfið. Hann var þó fljótur að læra því tveimur árum seinna kom út önnur plata ofursveitarinnar Ace of Base, þar sem okkar maður gerði sér lítið fyrir og framleiddi þrjú af lögum hennar. Öll þrjú voru þau stærstu hittarar plötunar sem seldist í 6 milljónum eintaka og þó svo sveitin hafi verið vinsæl fyrir gerði þessi plata hana vinsæla um allan heim. Vinsældir Ace of Base í Bandaríkjunum urðu til þess að tónlistarútgefendur þar ytra fóru að kanna nánar hverjir stæðu á bakvið plötuna. Endaði



sá könnunar-leiðangur þannig að útgefurinn þáverandi, Zomba, gerði samning við Cheiron Records um að framleiða tónlist fyrir hljómsveitir á snærum Zomba.



**Róleigheit og fleiri hittarar**

Næstu ár tók hann því rólega, kannski ekki rólega nema í samanburði við árin á undan. Ásamt nýjasta samstarfsmanni sínum, Tom Talomaa, kom hann á fót Maratone-útgáfunni og fór að vinna með Celine Dion auk þess að vinna aðeins í þriðju plötu Britney Spears.

Það var síðan þremur árum seinna að Kelly Clarkson tók flugið til Stokkhólms og þau unnu saman að nýju efni, mun rokkaðra en Max Martin hafði áður gefið út á popperli sínum. Næstu árin vann hann með Backstreet Boys að því að endurvekja feril þeirra; það gekk bölvanlega; þrátt fyrir það hélt Max tryggð við sveitina og hélt áfram að vinna með þeim. Í kjölfarið vann hann með Pink, Bon Jovi, Kelis, Avril Lavigne, Enrique Iglesias auk fjölda annarra minni spámanna en fá af þeim lögum sem komu út úr því samstarfi urðu jafn risa-, risastór og hans fyrra efni.



**Max-árið mikla**

Árið 2008 fóru hlutirnir aftur á skrið hjá okkar manni. So What með Pink fór á toppinn auk þess að hann samdi

Fyrsta verkefnið sem Max Martin og lærifaðir hans Denniz Pop tóku að sér var að reyna að gera eitthvað úr nýstofnuðu strákabandi. Flogið var með drengina til Stokkhólms og hófust upptökur. Nokkrum mánuðum síðar leit dagsins ljós platan Backstreet Boys með samnefndri hljómsveit. Max Martin og Denniz Pop báru ábyrgð á stórum hluta plötunnar og sömdu meðal annars "We've Got It Going' On" og "Everybody" sem gerði Backstreet Boys að stærstu strákahljómsveit í heimi. Backstreet Boys gjörsamlega tröllriðu öllu, unglingsstúlkur elskuðu þá og unglingspiltar elskuðu að hata þá. Platan seldist í um það bil skrillljón billjónum eintaka og héldu Max okkar Martin og Denniz áfram að vinna fyrir þá líkt og Zomba-útgáfuna. Við tók vinna með öðrum strákaböndum á borð við Sive og N\*SYNC og létu hittarnir síður en svo á sér standa.

**Ef Max Martin er að semja fyrir þig áttu meiri séns en allir aðrir í heiminum á að gera hittara.**

- Simon Cowell

fyrsta hittara Katy Perry, I Kissed a Girl. Það samstarf átti eftir að leiða að því að Martin gerði fjöldann allan af hitturum á næstu plötu hennar, Teenage Dream, sem kom út tveimur árum seinna. En það ár varð einmitt hans ár, því hann var ábyrgur fyrir slögurum með Eminem og T.I., Britney Spears, Usher og flestum þeim sem áttu eitthvert erindi inn á vinsældalista vestanhafs.



**20 ár líða og Max enn í fling**

Nýjasti hittarinn úr verksmiðju Max Martin, Beauty and a Beat með Justin Bieber, hljómar nú á öllum útvarpsstöðum landsins. Auk þess að bera ábyrgð á endurkomu Christinu Aguilera sýnir það sig að enginn hefur eyru á við Max Martin. Margir mega þakka fyrir að eiga einn hittara en honum hefur tekist ár eftir ár að koma minnst einu lagi til teljanlegra vinsælda. Þó svo að mörgum finnist tónlist hans heldur ómerkileg hljóta allir að geta verið sammála um það að svona árangri ná aðeins snillingar.



**BROT AF ÞEKKTUSTU LÖGUM**

- Backstreet Boys - Everybody
- Backstreet Boys - I Want It That Way
- Britney Spears - Baby One More Time
- Britney Spears - (You Drive Me) Crazy
- Britney Spears - Oops!...I Did It Again
- Bon Jovi - It's My Life
- Kelly Clarkson - My Life Would Suck Without You
- Kate Perry - I Kissed a Girl
- Kate Perry - E.T.
- Kate Perry - Last Friday Night
- Taio Cruz - Dynamite
- Kelly Clarkson - Since U Been Gone
- Taylor Swift - We Are Never Getting Back Together
- Britney Spears - Till the World Ends
- Justin Bieber - Beauty and a Beat



**HVAÐ ER TÍTT?**

Nafn: Anna Svava Knútsdóttir.  
 Á forsíðu: 12. janúar 2012.  
 Fyrirsögn viðtals: Sendi Tobbu „fyrirgefðu“

Ég er bara glöð og hamingjusöm sem betur fer. Ég er bara alltaf að vinna einhverja frábæra vinnu. Núna fara dagarnir í það að skrifa og skrifa sem er það skemmtilegasta sem ég geri. Á miðvikudaginn fór ég á frumsýningu á fyrstu tveimur þáttunum af Hæ Gosa sérú 3. Það var alveg magnað að sjá þetta svona tilbúið á biótjaldinu. Ég var ekki með í tókunum sjálfum þannig að ég var ekki búin að sjá neitt síðan við skiluðum handritinu. Humm... hvað á ég að segja meira? Já, svo er frábæri kærastinn minn að fara opna ísbúð úti á Granda sem heitir Valdís. Þannig að það fer líka tími í það að hlusta á hann og hvernig hann ætlar að hafa þetta. Kannski fer ég bara að vinna í ísbúð bráðum. Hver veit?



**LOL-MAIL MONITOR**

Hæ hæ  
 Ég gat ekki valið svo ég læt tvo eðalbrandara flakka:

Tvö egg, beikon og baunir gengu inn á bar og báðu um bjór. Barþjónninn þvertók fyrir það og sagði einfaldlega: „Við afgreiðum ekki morgunmat.“

En svo fór ég á Bubba-tónleika um daginn. Það er nú ekki í frásögu ferandi nema fyrir þær sakir að í fyrsta laginu byrjaði hann að æla og æla. Svo spjallaði hann aðeins við okkur en hélt svo áfram að æla í öðru laginu. Heyrðu, þá kom í ljós að þetta var ekki Bubbi heldur Gubbi.

Ég þakka kærlega fyrir mig og skora á karlfyrirsætuna Emil Þór Guðmundsson.

Hljár kveðjur,  
 Hulda Halldóra Tryggvadóttir

**LOKAPRÓFIÐ**

| 24. janúar 2013 |  
**MONITOR**  
 skólinn

Ég heiti Unnur Eggertsdóttir. Ef ég væri ekki Unnur Eggertsdóttir væri ég til í að

vera

Þú veist hver ég er af því að þú hefur kannsk séð myndbandið við nýja lagið mitt, Stólin augnablik. Svo erum við alltaf að dansa saman við Sing bang. Það skrytna við að leika Sollu stírðu er að

a) ég er alls ekkert stírd heldur þvert á móti alveg fáránlega liðug.  
 b) mér finnst alltaf svo erfitt að taka bleiku hárkolluna af mér af því að mér finnst ég svo fáránlega „fæn“ með hana.  
 c) ég mun aldrei ná eins vel til barnanna minna í framtíðinni eins og ég næ til barna sem ég þekki ekki neitt þegar ég er í hlutverki hennar.  
 d) Hverji bara alltaf í búningnum þegar ég eigast börk.

Þegar ég var í Versló þá var ég frekar virk í félagslífinu og tók meðal annars þátt í

a) öllum Nemó-sýningunum.  
 b) Vælinu.  
 c) Stjórnarstófum.  
 d) marmara-chilli.  
 e) Svo margt skemmtilegt í boði! Sakna marmorans.

Uppáhalds komið að því að skella sér í djúpu lauginu með því að taka þátt í Eurovision en lagið mitt, Ég syngi, er

a) fáránlega gripandi.  
 b) bara eins og hvert annað Latarbæjarlag sem ég syng þegar ég leik Sollu.  
 c) skemmtilegasta lag sem ég hef heyrt á ævinni.  
 d) virkilega þungt lag sem tekur virkilega á líkama og sál.  
 e) ekki fyrir viðkvæma

Síðustu jólum og áramótum eyddi ég ekki alveg á venjulegan máta því ég

a) fékk sýkingu í mjóðm og var á fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.  
 b) tjaldaði nýja tjaldinu mínu í kjallara í Fellahverfinu og stundaði íhugun í hátt í þrjár vikur.  
 c) Jagði land undir fót og smellti mér í ferðalag til Afríku. Kenya & Zanzibar í Unadur!  
 d) gekk frá Patreksfirði til Borgarfjarðar og borðaði bara Nóa kropp á leiðinni.

Eins og þekkt, illa lyktaði. Það besta í lífi mínu

a) er World Class þansjóði síð!  
 b) eru köngulær og þá sérstaklega tarantúlur. Ó, Ekki fyrndið.  
 c) eru vinir mínir. Legends  
 d) er fjölskyldan mín. Lika legends  
 e) er íþróttalaufurinn. Besta legendið  
 f) er gleðin og hamingjan að sjá þaggu  
 g) lagið Ég syngi auðvitað. Dó!  
 h) Tónlist



a) Unnur Birna, lögfræðiskvísir og fyrrverandi Ungfrú heimur  
 b) Unnur Ösp Stefánsdóttir, leikkona og ástkona Björns Thors  
 c) Unnur Brá Konráðsdóttir, 6. varaforseti Alþingis  
 d) \_\_\_\_\_



af því að hún er mögnuð leikkona. (og herra Thors er sjúkt, sætur)

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

Unnur Eggerts

Ég hefði ekki átt að fá bílprófið alveg strax vegna þess að ég

a) lenti þrisvar sinnum í árekstri á fyrsta árinu mínu sem ökumaður.  
 b) rúntaði svo mikið að ég borgaði hátt í 500 þúsund krónur í bensín á einu ári.  
 c) fékk æði fyrir því að bakka og lenti ósjaldan í miklum vandræðum þegar ég var farinn að bakka marga kílómetra á dag.  
 d) Konur kunna samt alveg að keyra! Bara ekki ég.

SATT OG ÓSATT  
 Spænskur leikskólakennari sló mig utan undir í Barcelona þegar ég var 4 ára gömul.

Ó  
 Illa sést að hella niður...  
 Mamma var mjög ánægð með þann spænka.  
 Aldrei sést hana jafn s  
 ...hún hrappaði bara!  
 Ég hef aldrei borðað ost.



**VEL GERT**

Blær Bjarkardóttir  
 Hrós vikunnar fær Blær Bjarkardóttir sem í kerfinu heitir einfaldlega Stúlka. Blær og móðir hennar, Björk Eiðsdóttir, hafa barist fyrir því að sú fyrrnefnda fái að halda skírnamafni sínu, Blær, en hún hefur borið nafnið í 15 ár. Þrátt fyrir það hefur nafnið aldrei fengið opinbert samþykki því það er eingöngu talið karlmannsnafn.



**ÉG HEF ALDREI**

- 1 ...almennilega áttað mig á því af hverju Brad Pitt og Jennifer Aniston skildu á sínum tíma.
- 2 ...lítað á mér hárið. Ég hef þó verið dugleg við að prófa ýmsar tegundir klippinga.
- 3 ...fengið blóðnasir. Sjó, niú, þrettán.
- 4 ...búið í útlöndum í lengri tíma en væri mikið til í að prufa það.
- 5 ...brotið bein, gott í þessu. ...verið með teina en langaði mikið að prufa það á árum áður einhverra hluta vegna.
- 6 ...jafnað mig á því að Sigga Beinteins og Grétar hafi ekki unnið í Júrúvísjon árið 1990.
- 7 ...átt kisu enda eru kisu óþolandi.

ÁSTRÍÐUR VIÐARS

**SÍÐAST EN EKKI SÍST**

► Allan Sigurðsson, kvikmyndagerðarmaður, fílar:

**KVIKMYND:** Die Hard 1 er sennilega sú kvikmynd sem ég horfði oftast á þegar ég var lítill. Ég horfði bara á blóðugar bíómyndir sem krakki. Undanfarið hef ég mikið verið að horfa á kvikmyndir frá Suður-Kóreu.



**PLATA:** Undanfarið hef ég hlustað mikið á plötuna An Awesome Wave með hljómsveitinni Alt-J. Virkilega góð og frumleg plata, skemmtilegar útsetningar. Fyrsta platan sem ég elskaði var samt Enter-platan með Wu-Tang Clan.



**ÞÁTTUR:** Breaking Bad er uppáhalds þátturinn minn. Ég er eins og lítið barn á jóluum þegar nýr þáttur dettur í hús. Ég verð mjög leiður þegar hann hættir.



**BÓK:** B Síðasta bók sem ég las var ævisaga Anthony's Kiedis, söngvara Red Hot Chili Peppers, Scar Tissue. Hún var áhugaverð og skemmtileg.



**VEFSÍÐA:**  
 Wimp.com er mjög skemmtileg síða þar sem hægt er að skoða alls konar myndbönd. Ef þú þarft að drepa nokkrar mínútur þá steinliggur þessi.

**STAÐUR:**  
 Heima hjá mömmu. Ég elska þig, mamma.



# TRAUSTUR DRYKKUR GETUR GERT KRAFTAVERK



**HÁMARK**  
— HOLLUR FÉLAGI —

ÍSLENSKA

# HAMBORGARAFABRIKKAN



# HEIÐAR

ER LENTUR Á HAMBORGARAFABRIKKUNNI

Heiðar er ómótstæðilegur gæsaborgari.

Alíslensk heiðagæs með sætum perum,  
villibláberjasultu, rjómaosti og Fabrikkusósu.

Borinn fram með sætum, frönskum kartöflum.

Heiðar er engum líkur og aðeins í boði á Þorranum  
- á meðan birgðir endast.

*Ath! Varist högl. Án gríns.*